

7. gr.

Greiðsluþátttaka í „S“ merktum lyfjum, sem afgreidd eru frá sjúkrahúsapóteki, enda er skráning bundin við notkun á sjúkrahúsi eða í tengslum við sjúkrahús, fer eftir almennum greiðslureglum þessarar reglugerðar. Í undantekningartilfellum getur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið veitt undanþágu til afgreiðslu „S“ merktra lyfja í öðrum apótekum.

8. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í greiðslu óskráðra lyfja sem heimilt er að nota samkvæmt undanþágu, sbr. 7. gr. lyfjalaga nr. 93/1994.

Tryggingastofnun ríkisins er þó heimilt í undantekningartilvikum, að fenginni staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, að taka þátt í kostnaði við óskráð lyf og skal greiðsluþátttaka Tryggingastofnunar ríkisins í slíkum tilvikum miðast að hámarki við greiðslu skv. ákvæðum 4. gr. (E merking).

Sækja skal um undanþágu til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins sem tekur ákvörðun í samráði við Tryggingastofnun ríkisins. Í umsókn læknis um greiðsluþátttöku skulu koma fram rök fyrir ósk um greiðsluþátttöku ásamt upplýsingum um verð lyfsins.

9. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar ná til þeirra lyfja sem eru á skrá 1. apríl 1996. Nýskráð lyf, munu ekki sjálfkrafa verða greidd eftir almennum ákvæðum þessarar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ákveður greiðslutilhögun nýskráðra sérlyfja, að fenginni umsögn Tryggingastofnunar ríkisins í samræmi við 41. gr. lyfjalaga nr. 93/1994.

10. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í c. lið 36 gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 öðlast gildi 1. apríl 1996. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð með sama heiti nr. 327/1995 með áorðnum breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 15. mars 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Rannveig Gunnarsdóttir.

REGLUGERÐ

um iðgjald vegna slysatryggingar sjómanna.

1. gr.

Útgerðarmenn fiskiskipa skulu tryggja hjá Tryggingastofnun ríkisins áhættu vegna bóta-skyldra slysa sbr. III. k. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, og 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir útgerðarmönnum fjárhæð sem svarar til fulls kaups og/eða aflahlutar sjómanna í allt að tvo mánuði.

2. gr.

Útgerðarmenn skulu greiða iðgjald sem nemur 0,65% af samanlögðum launum og aflahlut sjómanna sem hjá þeim starfa hverju sinni.

3. gr.

Skattstjórar annast ákvörðun iðgjalds samkvæmt reglugerð þessari og skal það innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóra. Ákvæði laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, eiga við um gjaldstofn, gjaldskyldu, greiðslutímabil, álagningu og innheimtu iðgjalds samkvæmt þessari reglugerð. Iðgjaldið innheimtist mánaðarlega ásamt tryggingagjaldi. Að tekjuári liðnu skal fara fram endanleg ákvörðun iðgjaldsins í samræmi við launaframtal og skal iðgjaldið sérgreint í álagningarskrá og skattskrá. Ríkisskattstjóri skal halda skrá yfir gjaldskylda aðila samkvæmt reglugerð þessari og skal eftir atvikum leita staðfestingar hans á iðgjaldi útgerðaraðila þegar bótaskylda Tryggingastofnunar ríkisins er ákvörðuð.

4. gr.

Útgerðarmenn sem þess óska geta sagt upp tryggingu skv. reglugerð þessari fyrir 1. nóvember ár hvert vegna næsta árs á eftir. Tilkynning um uppsögn skal berast Tryggingastofnun ríkisins. Eftir að uppsögn hefur öðlast gildi eiga útgerðarmenn ekki rétt á greiðslum vegna launa eða aflahlutar í forföllum vegna slysa en njóta slysatrygginga almennra launþega.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 63. gr. almannatryggingalaga nr. 117/1993, sbr. 32. gr. laga nr. 144/1995, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 2/1951, um að útvegsmönnum sé skylt að slysatryggja gegn aukaiðgjaldi samkv. 32. gr. sjómannalaga nr. 41/1930.

Ákvæði til bráðabirgða.

Iðgjald skv. reglugerð þessari skal innheimt frá og með 1. janúar 1996. Iðgjaldinu vegna janúar- og febrúarmánaða 1996 skal skilað með iðgjaldi marsmánaðar á gjalddaga þess iðgjalds.

Útgerðarmenn sem þess óska geta fyrsta sinni sagt upp tryggingu samkvæmt reglugerð þessari með tilkynningu sem berast skal Tryggingastofnun ríkisins fyrir 15. apríl 1996 og kemur uppsögn þá til framkvæmda 1. júní 1996. Eftir að uppsögn hefur öðlast gildi eiga útgerðarmenn ekki rétt á greiðslu vegna launa eða aflahlutar í forföllum vegna slysa en njóta slysatrygginga almennra launþega.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 15. mars 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.